

Elkem Ísland ehf.
Grundartanga
301 Akranes

17. desember 2025
UOS2501023/S.M.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 3. október 2025 – ID 9

Þann 3. október 2025 fór fram reglubundið eftirlit í Elkem Ísland ehf. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 1.3 í starfsleyfi, sbr. b-lið 1. mgr. 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. rg. 935/2018. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir. Fram kom í eftirliti að verksmiðja Elkem uppfyllir ekki að fullu þær kröfur sem fram koma í BAT niðurstöðum fyrir iðnað með járnlausan málm.

Úrbótaáætlun rekstraraðila var samþykkt þann 10. júní 2024. Fram kom í eftirliti nú að möguleiki væri á að rekstraraðili gæti ekki staðið við tímafresti í þeirri áætlun.

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 2.19 í starfsleyfi. Rekstraraðila er heimilt að farga framleiðsluúrgangi í flæðigryfjur. Brotamálmur var í flæðigryfju rekstraraðila og telst það ekki framleiðsluúrgangur.
Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hafa verið gerðar úrbætur á verklagi og úrgangurinn fjarlægður úr flæðigryfju. Frávikið er lokað.
2. Gr. 2.20 í starfsleyfi. Allan framleiðsluúrgang, sorp og umbúðir skal endurvinna eða skila á móttökustöð fyrir úrgang. Brotamálmur var settur í flæðigryfju en ekki fluttur á viðurkennda móttökustöð. **Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hafa verið gerðar úrbætur á verklagi og úrgangurinn fjarlægður úr flæðigryfju. Frávikið er lokað.**

Vegna upplýsinga sem fram komu í eftirliti um að breytingar gætu orðið á úrbótaáætlun rekstraraðila vegna eldra frávíks, sjá hér að ofan, óskar Umhverfis- og orkustofnun eftir uppfærðri áætlun um úrbætur vegna þess frávíks ásamt rökstuðningi fyrir því hvers vegna rekstraraðili getur ekki staðið við þá tímasettu áætlun sem áður hefur verið lögð fram.

Uppfærð áætlun ásamt rökstuðningi skal berast stofnuninni eigi síðar en 14. janúar 2026.

Virðingarfyllst,

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur